

um úrræði til að minnka oliukaup erlendis frá.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Stefán Gunnlaugsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta semja greinargerð og tillögur í orkumálum, og skal verkefnið vera tvíþætt:

- a) að gefa yfirstandandi alþingi skýrslu um þá möguleika, sem eru á skjótum nýframkvæmdum til hitunar húsa með jarðvarma og raforku, miðað við það, að slíkar framkvæmdir geti þegar á næsta ári dregið úr oliuþörf landsmanna, enda hafi þær forgang um fjármögnun frá opinberum sjóðum;
- b) að gera tillögur um orkumálastefnu næstu tveggja áratuga, er nái til virkjunar vatnsfalla og jarðhita, notkunar raforku m. a. til iðnaðar, hitunar og samgangna, notkunar jarðhita m. a. til hitunar, landbúnaðar og iðnaðar, og hugsanlegrar olluvinnslu úr landgrunni Íslands.

#### Greinargerð.

Með hverju árinu, sem líður, vex orkuþörf þjóðarbúsins, — orku, sem í skuggalega stórum mæli er framleidd með orkugjafa keyptum erlendis frá, olíunni.

Þegar haft er í huga, að þennan orkugjafa þurfum við að flytja um langan veg og ill- og ófæran, ef styrjaldir geisa, keppa um hann við fjölmargar aðrar orku-hungraðrar þjóðir og heyrandi þau tíðindi æ oftast staðhæfð, að oliulindir jarðar fari ört þverrandi, þá er það raunar ekkert annað en grófasta andvaraleysi að hamast ekki bókstaflega við að nota okkur út í ystu æsar hina innlendu orkugjafa: vatns-aflíð og jarðhitann, þessar guðagjafir landsins.

Vonandi tekst að slökkva nú ófriðarbálið í Austurlöndum nær. En ekki er rétt að loka augunum fyrir því, að aftur getur þar upp úr logað og haft ófyrirsjáanleg áhrif á oliuverð og olluúttvegum.

Því er nú spáð af ýmsum sérfræðingum í olíumálum, að árið 1980 muni ein- ingarverð olíu hafa hækkað a. m. k. þrefalt frá því, sem nú er, þótt styrjaldir séu ekki reiknaðar inn í dæmið.

Í Sveitarstjórnarmálum þ. á. getur að lesa, að orkuframleiðsla hitaveitna á öllu landinu hafi numið um 1350 GWh (gigawattst.) 1972 og söluverðmæti þeirra verið 430 m. kr. Ef hitað hefði verið upp með gasolíu á þessum svæðum, hefði kostnaðurinn numið um 1000 m. kr., þar af gjaldeyriskostnaður 660 m. kr. Nú mun láta nærri, að um 45% landsmanna njóti upphitunar húsa með jarðhita, og geta menn þá séð, hvílíka fjármuni er hér um að tefla, og þó er ekki enn nema hálf-sögð sagan. Samkvæmt grein, er Jóhannes Zoëga, hitaveitustjóri í Reykjavík, ritar á þessu ári í Sveitarstjórnarmál, reyndist orkuverð gasolíu til upphitunar í Reykja- vík rúmlega helmingi hærra en orkuverð Hitaveitunnar á s. l. ári.

Af öllu þessu má vera ljóst, að okkur er hollt að taka ráð í tíma og eiga sem fæsta kosti undir olíu.

Nú væri það mikil ósanngirni að láta sem svo, að ekkert hafi verið gert í þess- um efnum: Margir verkfræðingar okkar búa yfir dýrmætri þekkingu og reynslu um notkun jarðvarma til húsa-hitunar og hafa verið óþreytandi í því að hvetja til aukinna dáða í þeim málum, Reykjavíkurborg hefur gefið ágætt fordæmi, og Sel- foss, Sauðárkrókur, Ólafsfjörður, Dalvík, Húsavík, Seltjarnarnes og Hveragerði hafa öll komið á hitaveitu hjá sér. Kópavogur, Hafnarfjörður og Garðahreppur hafa hitaveitur í undirbúningi. Þetta eru allt mikil og góð tíðindi. En betur má, ef duga skal: Takmarkið á að vera, að hvert einasta hús á öllu landinu, hvort sem er í þéttbýli eða strjálbýli, sé hitað upp með jarðvarma, ef þess er kostur, annars raf- magni. Og slíkt á að komast á sem allra, allra fyrst. Á þennan hátt getur þjóðin

sparað sér milljónir í gjaldeyri, að ekki sé minnst á öryggið, þegar ís legðist að landi eða styrjaldir geisuðu.

Sagan er þó ekki nema hálf sögð enn: Við notum feikn af olíu til að framleiða rafmagn til ljósa, suðu og iðnaðar, en eigum stóreignir í óbeisluðu vatnsafla. Hvað skal svo lengi ganga? Auðvitað ber okkur fortakslaust að leysa þessar ágætu auðlindir okkar sem fyrst úr læðingi til hagsældar fyrir allt þjóðarbúið, til eflingar matvælaframleiðslu og hvers konar iðnaði, sem arðvænn reynist. Mætti ekki líka hugsa sér, að rafmagnið gæti að einhverju leyti létt á olíuþörf okkar í samgöngunum? Þetta þarf að kanna og skoða.

Því miður hefur gætt hiks og stefnuleysis ríkisvaldsins í virkjunarmálum, ekki síst upp á síðkastið:

Skaðlegur dráttur hefur orðið á ákvörðunartöku um virkjanir, aðrar hafa verið kyrktar í byggingu, raflínur hafa verið lagðar út í bláinn, öðrum er ráðgerður staður í þykjustunni aðra stundina um fjöll og firnindi, hina hringveg um landið með byggðum. Svona má ekki lengur ganga, málin verður að taka föstum skipulegum tókum með þjóðarhag og heill að marki.

Af framangreindum ástæðum er því lagt til hér, að Orkustofnun ríkisins, sem býr yfir sérfræðilegri þekkingu um þessi mál, verði falið annars vegar að benda á, hvernig skjótast megi leysa sem mest olíumagn af hólmi til húsa hitunar og iðnaðarnota héraendis, og hins vegar gera tveggja áratuga áætlun um hagkvæmstu virkjunarstefnu fyrir þjóðarbúið, bæði hvað snertir vatnsorku og jarðhita, hafandi allt í huga: iðnað, upphitun, landbúnað og samgöngur, líka hugsanlega olíuvinnslu á landgrunni Íslands.